

Fundargerð 357. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2013, miðvikudaginn 8. maí kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðný Sverrisdóttir, Már Sveinbjörnsson, Ólafur Örn Ólafsson, Skúli Þórðarson, Steinþór Pétursson og Guðmundur Kristjánsson.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson og ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stjórnarfundur hafnasambandsins 2013 - 1301023HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 356. fundar frá 8. apríl 2013.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Brennisteinsinnihald í skipaolíu - 1305008HA

Lagt fram bréf frá Umhverfisstofnun, dags. 2. maí 2013, þar sem stofnunin upplýsir hafnasambandið um hertar kröfur um brennisteinsinnihald í skipaolíu, þar á meðal í höfnum. Bendir Umhverfisstofnun sérstaklega á málsgrein 4a.5b þar sem fjallað er um tilkynningaskyldu hafna. Einnig lögð fram tilskipun um brennisteinsinnihald í skipaolíu og glærur frá kynningarfundum sem Umhverfisstofnun hélt nýlega.

Umhverfisnefnd hafnasambandsins er falið að skoða hugmyndir Umhverfisstofnunar um tilkynningaskyldu hafna. Starfsmanni falið að senda þessar upplýsingar út á allar aðildarhafnir.

3. Hafnafundur 2013 - 1301025HA

Lögð fram að nýju drög að dagskrá. Formaður fræðslunefndar og Valur Rafn gerðu grein fyrir stöðu mála.

Starfsmanni falið að ganga frá dagskránni og senda aðildarhöfnum hana til kynningar.

4. Móttaka á úrgangi frá skipum - 1303021HA

Lögð fram fundargerð frá starfshópi um sorp- og farmúrgang frá skipum, dags. 29. apríl 2013. Már Sveinbjörnsson gerði grein fyrir stöðu mála en hann, ásamt Herði Blöndal, situr í starfshópnum fyrir hönd hafnasambandsins.

Fulltrúum hafnasambandsins falið að vinna áfram í málinu.

5. Vigtun sjávarafla - 0901002HA

Lögð fram að nýju fundargerð frá fundi með Fiskistofu, dags. 21. febrúar 2013, þar sem umræðuefnið var rafrænn aðgangur að gögnum í Gaflinn. Már gerði grein fyrir stöðu mála.

Fulltrúum hafnasambandsins falið að fylgja málinu eftir.

6. Vorferð hafnasambandsins 2013 - 1301011HA

Lögð fram dagskrá vegna vorferðar stjórnar sem verður í lok maí 2013. Formaður gerði grein fyrir stöðu mála.

Formaður mun gera óverulega breytingu á dagskrá og senda hana út á stjórnarmenn.

Ólafur Örn Ólafsson, sem sat sinn seinasta stjórnarfund, þakkaði stjórn hafnasambandsins fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum og óskaði stjórninni velfarnaðar í störfum sínum.

Stjórnarmenn hafnasambandsins þökkuðu Ólafi fyrir ánægjulegt samstarf og óskuðu honum velfarnaðar í nýju starfi.

Fundi var slitið kl. 13:00

Gísli Gíslason

Guðný Sverrisdóttir

Már Sveinbjörnsson

Ólafur Örn Ólafsson

Skúli Þórðarson

Steinþór Pétursson

Guðmundur Kristjánsson

Valur Rafn Halldórsson